

30. mars 1979.

265

Nr. 159.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

### 1. gr.

Við lista A á fylgiskjali I (efni sem bönnuð eru á íslensku forráðasvæði sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 21. maí 1974) bætist:

A. 10. Phencyclidinum . . . . . NFN.

Efni merkt A. 10 verði A. 11. o. s. frv.

### 2. gr.

Af lista B á fylgiskjali I (efni sem eingöngu er heimilt að nota hér á landi í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og eru jafnframt eftirritunarskyld) falli niður:

B. 97. Phencyclidinum . . . . . NFN.

Efni merkt B. 98 verði B. 97. o. s. frv.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 30. mars 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*

10. apríl 1979.

Nr. 160.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

### 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögungun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 750 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 2000 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

B 34

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 20. apríl 1979.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.**

## 1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 350.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 700.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 20. apríl 1979.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálp,  
rannsóknnum og röntgengreiningu.**

## 1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 2000 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2000 kr. hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2000 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.